


Nettengd Biblía fyrir börn kynnir

Þegar Guð skapaði heiminn



Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Byron Unger; Lazarus

Aðlagað af: Bob Davies; Tammy S.

Þýðandi: Práinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2009 Bible for Children, Inc.


Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu,
en ekki selja.



Hver skapaði okkur? Biblían, Guðs orð, skýrir frá upphafi mannkynsins. Fyrir ævalöngu skapaði Guð fyrsta manninn og kallaði hann Adam. Guð bjó Adam til úr mold, blés lífsanda í nasir hans og fyllti hann lífi. Þetta átti sér stað í yndislegum garði sem kallaður var Eden.



Áður en Guð skapaði Adam, bjó hann til fagra veröld,
fulla af undursamlegum hlutum. Stig af stigi bjó
Guð til hóla og hæðir, ilmandi blóm og stór tré,
skrautlega litríka fugla og suðandi bíflugur, risahvali
og sleipa snigla. Staðreyndin er að hann bjó til allt
sem til er - allt saman!



Í upphafi, áður en Guð bjó nokkuð til, var ekkert til nema Guð.

Engar mannverur, engir staðir eða hlutir. Ekkert!

Ekkert ljós og ekkert myrkur. Ekkert

upp og ekkert

niður. Enginn


gærdagur og enginn

morgundagur. Það


var bara Guð, sem átti

ekkert upphaf. Síðan

hóf Guð sköpun sína!



Í upphafi skapaði
Guð himin og
jörð.




En jörðin var þá auð og
tóm. Og myrkur
grúfði yfir
djúpinu. Þá
sagði Guð.
"Verði
ljós."



Og það varð ljós. Guð kallaði ljósið dag og myrkrið kallaði hann nótt. Og kvöldið og morguninn urðu hinn fyrsti dagur.





Á öðrum degi setti Guð festingu milli vatnanna og hafsins. Á þriðja degi sagði Guð, "Safnist vötnin undir himninum í einn stað svo að þurrlendið sjáist". Og það varð svo.



Og Guð sagði grasinu, blómum, sáðjurtum og trjám
að spretta. Og það varð svo. Og kvöldið
og morguninn urðu hinn
þriðji dagur.




Og svo skapaði Guð sólina, og svo tunglið, og svo óteljandi arargrúa af stjörnum. Og kvöldið og morguninn urðu hinn fjórði dagur.



Sjávardýr, fiskar og fuglar voru næst á dagskrá Guðs. Á fimmta degi bjó hann til stóra sverðfiska og örsmáar sardínur, háfætta strúta og glaðlega kólibrífugla. Guð bjó til allar tegundir af fiskum til að fylla höf og vötn og allar tegundir fugla til að njóta lands sjávar og himins. Og kvöldið og morguninn urðu hinn fimmti dagur.



Svo sagði Guð, "Jörðin leiði fram lifandi skepnur..."
Allar tegundir dýra og skorkvika og skriðkvika
urðu til þann dag. Þar voru fílar, bifurdýr, apar af
öllum tegundum og krókudílar. Birnir, ljón, íkornar
og dillandi ánamaðkar. Slánalegir gíraffar og
malandi kettir. Þann dag urðu allar dýrategundir
sem til eru, skapaðar.




Og kvöldið og morguninn urðu
hinn sjötti dagur.



Það var eitt annað, mjög sérstakt, sem Guð gerði á þessum sjötta degi. Nú var allt tilbúið fyrir manninn. Það voru matvæli á ökrum, og dýr til að þjóna honum. Og Guð sagði, "Við skulum skapa manninn eftir okkar

eigin mynd. Látum hann drottna yfir öllu á jörðinni.

OG GUÐ SKAPAÐI MANNINN EFTIR SINNI EIGIN MYND, HANN SKAPAÐI HANN EFTIR GUÐS MYND..."



Þá sagði Guð við Adam, "Þú mátt borða hvað sem þú vilt úr aldingarðinum. En af skilningstrénu góðs og ills mátt þú ekki borða. Ef þú borðar af því, muntu sannarlega deyja."



Og Drottinn Guð sagði, "Það er ekki gott fyrir mann að vera einsamall. Ég mun gera honum fylginaut við hans hæfi." Guð kallaði öll dýr og fugla til Adams, og nefndi Adam þau öll. En engan fylginaut við Adams hæfi var nokkurstaðar að finna.



Guð lét Adam nú
falla í svefn,
djúpan svefn. Er
hann var sofnaður
tók Guð eitt af
rifjum hans og
myndaði úr því
konu sem hann
færði Adam
til að verða
fylginautur
hans.



Guð skapaði heiminn á sex dögum. Síðan blessaði Guð sjöunda daginn og gerði hann að hvíldardegi. Adam og Eva voru hamingjusöm í Edengarðinum er þau hlýddu Guði. Guð var Drottinn þeirra, gjafari, og vinur.



Þegar Guð skapaði heiminn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Fyrstu Mósebók 1-2

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð, sem skapaði okkur,
og sem vill að þú þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar. Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.

Ef þú trúir þessu, segðu þá eftirfarandi til Guðs:
Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem komst í líki manns til að deyja fyrir syndir mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og komið svo til að vera með þér í himnaríki. Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!

